

**Mál nr. 76/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Líkamstjón.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 4.mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 8. október 2020 orðið fyrir slysi þegar bifreiðin X sem hann ók lenti utan vegar. V hafnaði bótaskyldu þar sem félagið taldi M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. M hafi farið af vettvangi og neytt efna eftir slysið. Eftir að lögregla hafði samband við M fór hann á slysadeild í lögreglufylgd þar sem blóðsýni var tekið. Samkvæmt matsgerð hafi M ekki verið undir áhrifum áfengis en róandi lyf mældust í blóðinu. Styrkur efnisins hafi verið samkvæmt ráðlögðum skammti. Það að M hafi farið af vettvangi geti ekki talist stórkostlegt gáleysi og sönnunarbyrði um gáleysi hafi verið stórkostlegt og að orsakatengsl séu á milli gáleysis og slyss hvíli á félaginu. Blóðrannsóknin hafi verið framkvæmd sex klukkustundum eftir slysið og vitni staðfesti að efnisins hafi verið neytt eftir slysið.

Í bréfi V kemur fram að M beri sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi neytt lyfja eða efna svo stuttu eftir slysið og að M geti ekki sannað að hann hafi neytt efnanna eftir slysið. Þá hafi M borið að tilkynna lögreglu um slysið sbr. 2. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og verð hann að bera hallan af því að hafa ekki gert það. Samkvæmt lögregluskýrslu hafi verið megn áfengislykt úr bifreiðinni þegar lögregla kom á vettvang og hafi verið áfengisumbúðir í bifreiðinni og fyrir utan hana. Þar sem M tilkynnti lögreglu ekki um slysið hafði lögreglan ekki tök á því að framkvæma vettvangsrannsókn strax eftir slysið, kanna ástand M eða sjá til þess að blóð væri úr honum dregið eins fljótt og unnt var. Þetta hafi leitt til þess að sönnunargögnum hafi verið spillt og verði M að bera hallann af því að hafa ekki tilkynnt lögreglu um atvikið. Þá hafi framburður M verið mjög á reiki og hann hafi svarað því játandi að hafa tekið kókaín. Það sé því ljóst að framburður M sé í engu samræmi við fyrirliggjandi matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja – og eiturefnafræði. Enn fremur kemur fram að þótt refsímál gegn M hafi verið fellt niður þá breyti það ekki afstöðu V enda sönnunarkröfur sakamálaréttarfars og einkamálaréttarfars ólíkt.

**Álit.**

Óumdeilt er að M slasaðist þegar bílinn valt og að hann tilkynnti lögreglu ekki um bílveltuna eða slysið þegar það átti sér stað. Samkvæmt úrskurði nefndarinnar nr. 122/2021 er ósannað að vitni hafi verið í bílnum og er því ekki unnt að byggja á framburði þess varðandi ástand M. Þá er ekki ljóst hvenær slysið átti sér stað. Ökutækið var tilkynnt um morguninn en M segir að atvikið hafi átt sér stað á miðnætti. Hann fer sjálfur á slysadeild á hádegi í lögreglufylgd.

Umferðarlögin nr. 77/2019 gera ekki greinarmun á því hvort lyfjanotkun sé í læknanlegum skammti eða ekki. M svarar því játandi hjá lögreglu að hafa tekið kókaín en það er ekki í samræmi við blóðrannsóknina og matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Samkvæmt matsgerðinni er fullvíst að M hafi ekki getað stjórnað ökutæki örugglega miðað við styrk lyfja í blóði hans.

Framburður M er ekki í samræmi við önnur gögn sem liggja fyrir í málinu og þegar litið er til Hæstaréttardóms 25/2021 verður M að bera sönnunarbyrði fyrir sannleiksgildi þeirrar staðhæfingar að efnanna hafi verið neytt eftir að váttryggingaþurð bar að höndum.

Samkvæmt 5. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er ökumanni óheimilt að neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna í sex klukkustundir eftir að akstri lýkur ef ætla má að lögreglurannsókn fari fram vegna akstursins. Með hliðsjón af atvikum öllum, því að M fór ekki eftir þessu ákvæði og þess að hann ber sönnunarbyrði fyrir því að segjast hafa neytt efnanna eftir slysið sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi og þyki rétt að hann beri 2/3 hluta sakar sjálfur.

**Niðurstaða.**

M á rétt á 1/3 hluta bóta úr slysatryggingu ökutækisins X, hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson